

Nd.

241. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitabanka.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Sparisjóðsdeild og bústofnslánadeild Landbúnaðarbanka Íslands veita fyrir milligöngu banka, bankaútibúa, sparisjóða, samvinnkanpíjfelaga og nm-boðsskrifstofa bankans sjálfs rekstrarlán og bústofnslán til bænda og annara, er landbúnaðarframleiðslu stunda, eftir reglum þeim, er lög þessi ákveða.

Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Landbúnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Rekstrarlán veitast rekstrarlánafjelögum og fjelagsmönnum þeirra með ábyrgð fjelagsins, ennfremur einstökum mönnum gegn nægum tryggingum.

Bústofnslán veitast bústofnslánafjelögum og fjelagsmönnum þeirra með ábyrgð fjelagsins, ennfremur einstökum mönnum gegn nægum tryggingum.

3. Við 3. gr. Fyrir orðin »rekstrarlán skv. 2. gr.« komi: lán samkv. 1. gr.

4. Við 4. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Rekstrarlánafjelög og bústofnslánafjelög skulu hafa skyldur og rjettindi samvinnufjelaga og vera stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufjelög, með þeim afbrigðum, er hjer segir.

b. Staflidur e falli burt.

c. Ný málsgrein aftan við greinina:

Bústofnslánasjóðir þeir, er nú starfa, skulu hafa sama rjett til lánsfjár og bústofnslánafjelög, sem stofnuð verða eftir lögum þessum.

5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórnir rekstrarlánafjelaga og bústofnslánafjelaga ákveða hámark lána til hvers fjelagsmanns fyrir lánstímann. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur fjelagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Lán til einstakra fjelagsmanna mega ekki vera hærri en 4000 kr.

Eftir sömu reglum ákveðast lán til utanfjelagsmanna.

6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Fjelagsmaður hver setur fjelagi sínu veð eða aðra tryggingu, er fjelagsstjórn metur fullnægjandi, fyrir láni sínu eins og það má hæst vera á hverjum tíma.

7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Lán rekstrarlánafjelaga til fjelagsmanna sinna skulu vera víxillán eða reikningslán. Venjulega skulu þau veitt til eigi lengri tíma en 6 mánaða, eða með 6 mánaða nppsagnarfresti, og eigi framlengd lengur en svo, að allur lánstíminn verði 1 ár.

Þegar sjerstaklega stendur á, svo sem þegar lán hefir verið veitt til

að kanpa dýr landbúnaðarverkfæri, er þó heimilt að framlengja hluta af láninu, lækkandi á hverju ári, þó aldrei yfir 5 ár samtals.

Fjelagsmanni, er ekki stendur í skilum við fjelag sitt, skal víkja úr fjelaginu. Rekstrarláunafjelag, sem ekki stendur í skilum við lánveitanda sinn, missir rjett til lánsfjár þar til það hefir gert full skil.

8. Við 8. gr. Greinin falli burt, en í hennar stað komi ný grein, svo hljóðandi:
Bústofnslán má veita eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, sem um þau gilda í lögum og reglugerð Landbúnaðarbankans.
9. Við 9. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Lánsstofnanir þær og umboðsskrifstofur, sem hafa milligöngu um rekstrarlán og bústofnslán, geta í stað þess að veita fjelögnum lán keypt o. s. frv.
 - b. Á eftir »sparisjóðsdeildar« komi: eða bústofnslánadeildar.
 - c. Fyrir »sveitabanki« í 2. og 3. málsgrein komi: rekstrarláunafjelag eða bústofnslánafjelag.
 - d. Á eftir »rekstrarláunafjelaga« í síðustu málsgr. komi: og bústofnslánafjelaga.
 - e. Fyrir »sveitabanka« í niðurlagi greinarinnar komi: fjelaganna.
10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Auk viðskifta rekstrarláunafjelaga og bústofnslánafjelaga við Landbúnaðarbanka Íslands með eða án milligöngu geta fjelögin selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.
11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Rjett er umboðsskrifstofum Landbúnaðarbankans að taka við innlögum með sparisjóðskjörum fyrir sparisjóðsdeild bankans.
12. Við 12.—15. gr. Fyrir »sveitabanka«, »sveitabankar« komi í sömu föllum: rekstrarláunafjelag og bústofnslánafjelag.
13. Fyrirsögn frumv. skal vera svo:
Frumvarp til laga um rekstrarlán og bústofnslán til búrekstrar.